

# Flensborgarskólinn í Hafnarfirði

## Sál. 303

### Markmið áfangans:

- Að veita nemendum innsýn í flokkun og meðferð geðrænna vandamála.
- Að vekja nemendur til umhugsunar um andleg og félagsleg vandamál sem fylgja geðfötlun.
- Að eyða fordómum gegna geðfötlun.

### Helstu námsþættir:

- Skilgreiningar; hvað er heilbrigði/frávik.
- Flokkunarkerfið DSM III/DSM IV
- Streita og kvíði. Kenningar um kvíða og kvíðaviðbrögð.
- Átruflanir, geðhvörf, geðklofi, truflun á persónuleika, og fleiri geðræn vandamál.
- Meðferðarform.

### Kennslubækur og önnur kennslugögn:

Sálfræði 2 eftir Hilgard, Atkinson og Atkinson.

Við lesum kafla **14, 15, og 16**, og einnig hluti úr kafla **11**.

Ítarefni tekið saman af kennara.

### Verkefni:

Fyrirlestur	15%
Kaflapróf	20 - 30%
Þátttaka, ástundun og önnur verkefni	55 - 65%

### Athugasemdir og skýringar:

Þessi áætlun er viðmið og gæti breyst er líður á önnina. Nemendur hafa möguleika á að móta áfangann með kennara.

**Ástundun og þátttaka** í tímum er því mjög mikilvæg. Þetta þýðir að nemendur þurfa að mæta vel lesnir í tíma. Nemendur verða að skila öllum kaflaprófum og stærri verkefnum til að standast áfangann. Mikilvægt er að skila öllum verkefnum og gera það á réttum tíma. Kennari áskilur sér rétt til að lækka einkunn á verkefnum sem koma of seint. Nemendur með undir 90% mætingu alls gætu þurft að bæta upp það sem þeir hafa misst af með aukaverkefnum eða auka prófi. Kennari skoðar það í hverju tilfelli fyrir sig.

**Það er mikilvægt að athuga skilaboð á námsnetinu ef nemendur mæta ekki í tíma þar sem tilkynningar um próf, verkefni og annað efni eru þar inni.** Ef nemendur mæta ekki í tíma er það á þeirra ábyrgð að kanna hvað fór fram í tímanum og hvað var sett fyrir með því að fylgjast með á námsnetinu eða hafa samband við samnemendur.

---

Guðlaug Emma Hallbjörnsdóttir  
gullyh@flensborg.is  
Viðtalstími: Fimmtudagar 10:30-11:30